

**Sp.**

**1241. Nefndarálit**

[2. mál]

um till. til þál. um bættu þjónustu við farþega í innanlandsflugi.

Frá allsherjarnefnd.

Á vegum samgönguráðuneytisins starfar nú nefnd sem vinnur að gerð áætlunar í flugmálum. Veigamikill þáttur í starfi nefndarinnar lýtur að þjónustu við farþega og aðstöðu fyrir þá á flugvöllum landsins, þ. m. t. hvaða kröfu eigi að gera til flugstöðvarbygginga og hvaða forgang þær skuli hafa í uppbyggingu flugvalla.

Nefndin telur því ekki á þessu stigi ástæðu til sérstakrar ályktunar um þetta mál og leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. júní 1985.

Ólafur P. Þórðarson,  
form.

Stefán Benediktsson,  
fundaskr.

Birgir Ísl. Gunnarsson,  
frsm.

Pétur Sigurðsson.

Eggert Haukdal.

Jóhanna Sigurðardóttir.